

Kaupfélag Skagfirðinga

Ársreikningur
samstæðunnar
2025

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur

kt. 680169-5009

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og kaupfélagsstjóra	3
Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	5
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Stjórnarháttayfirlýsing	21
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	23

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og kaupfélagsstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Kaupfélags Skagfirðinga og dótturfélaga. Í árslok voru dótturfélögin 19 og eru þau öll innifalin í samstæðunni. Tvö dótturfélög í samstæðu Kaupfélags Skagfirðinga mynda sjálf samstæðu með dótturfélögum sínum og er gerð grein fyrir þeim félögum í skýringu um dótturfélög.

Rekstur ársins 2025

Rekstur Kaupfélags Skagfirðinga var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Helstu rekstrareiningar eru mjólkurafurðastöð, kjötafurðastöð, bifreiðaverkstæði, vélaverkstæði, dagvöruverslun og byggingavöruverslun sem er einnig rekstrarvöruverslun fyrir bændur.

FISK Seafood ehf. rekur útgerðar- og fiskvinnslustarfsemi samstæðunnar. Félagið er með fiskvinnslu og útgerð á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Starfsemi félagsins gekk vel á árinu og er mikil eftirspurn eftir vörum félagsins og afurðarverð góð.

Fóðurblandan ehf. í Reykjavík, ásamt dótturfélagi sínu Bústólpa ehf. á Akureyri, hefur með höndum starfsemi samstæðunnar á sviði korninnflutnings, framleiðslu kjarnfóðurs til hefðbundins búskapar, framleiðslu alifugla- og fiskafóðurs auk þess að flytja inn og selja tilbúinn áburð og rekstrarvörur til bænda og annarra viðskiptavina.

Kjarnafæði Norðlenska ehf. á Akureyri, hefur með höndum starfsemi á sviði slátrunar, kjötvinnslu, framleiðslu á tilbúnum réttum sem og aðra skylda starfsemi. Félagið selur vörur og þjónustu á innlendum og erlendum mörkuðum. Félagið stundar starfsemi á Akureyri, Blönduósi, Húsavík, Reykjavík og Svalbarðseyri.

Önnur félög í samstæðu Kaupfélags Skagfirðinga höfðu með höndum nokkuð fjölbreyttan rekstur á síðasta ári. Þar má telja; slátrun, kjötvinnslu, flutningastarfsemi, rafmagnsverkstæði, steinullarframleiðslu, eignarhalds- og fjárfestingastarfsemi, innréttingasmíði, hönnun og prentun.

Í stjórn félagsins sitja fjórir karlar og þrjár konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar. Ársverk hjá KS voru 177 og í lok rekstrarárs störfuðu 239 starfsmenn í 177 stöðugildum, 74 konur (31%) og 165 karlar (69%). Ársverk hjá samstæðunni í heild voru 1.255 en í lok rekstrarársins störfuðu 1.245 starfsmenn hjá samstæðunni.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2025 sem nam 3.712 milljónum kr. (2024: 3.348 millj. kr.) Eigið fé samstæðunnar, ásamt hlutdeild minnihluta, í lok ársins 2025 nam 64.523 milljónum kr. (2024: 60.775 millj. kr.) Í árslok áttu 1.361 félagsmenn (2024: 1.369) innstæður í stofnsjóði sem námu 280 milljónum kr.

Eignir í lok árs 2025 námu 106.453 millj. kr. (93.003 millj. kr. árið 2024). Þar af voru fastafjármunir 79.914 millj. kr. (74.395 millj. kr. árið 2024).

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Helstu áhættur í starfsemi samstæðunnar felast í efnahagsumhverfinu á hverjum tíma. Starfsemi félagsins er að mestu leyti í landbúnaði og sjávarútvegi og um þá starfsemi er sérstök löggjöf. Staða á erlendum mörkuðum getur haft mikil áhrif og þá hefur órói, nálægt þeim mörkuðum sem félagið starfar á aukist mikið. Stjórnendur greina fjárhagslegar áhættur í rekstrinum m.a. með tilliti til stöðu markaða, gjaldmiðla, lausafjárstöðu og útlána. Samstæðan mætir helstu áhættum með því að halda sterkri eiginfjárstöðu og tryggja aðgengi að lánsfjármagni. Vísað er í skýringu 21 um nánari umfjöllun.

Stjórnarhættir

Kaupfélag Skagfirðinga hefur fram til þessa leitast við að fylgja góðum stjórnarháttum sem eru í samræmi við samþykktir, lög og reglur og leiðbeiningar þar um. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem fylgir ársreikningnum.

Skýrsla og áritun stjórnar og kaupfélagsstjóra, frh.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í kaflanum Ófjárhagsleg upplýsingagjöf sem fylgir ársreikningnum má finna upplýsingar til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags-, og starfsmannamál.

Yfirlýsing stjórnar og kaupfélagsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2025 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og kaupfélagsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og kaupfélagsstjóra gefi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og kaupfélagsstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þessi áritun nær til þess sem hér er sagt og afmarkast við það.

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og kaupfélagsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja reikninginn.

Sauðárkróki, 31. mars 2026

Stjórn:

Bjarni Maronsson

Herdís Á. Sæmundardóttir

Sigríður Gunnarsdóttir

Hjörtur Geirmundsson

Atli Már Traustason

Þorleifur Hólmsteinsson

Ásta Pálmadóttir

Kaupfélagsstjóri:

Þórólfur Gíslason

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar og aðalfundarfulltrúa Kaupfélags Skagfirðinga.

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn ársreikninga Kaupfélags Skagfirðinga, höfum yfirlitað ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025 og teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga, samþykktir félagsins og fundarsamþykktir stjórnar og leggjum því til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 31. mars 2026

Snorri Evertsson
Gestur Þorsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðalfundarfulltrúa Kaupfélags Skagfirðinga.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Kaupfélags Skagfirðinga („félagið“) fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og kaupfélagsstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og kaupfélagsstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og kaupfélagsstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Skipuleggjum við og framkvæmum endurskoðun samstæðunnar til að afla nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar félaga eða eininga innan samstæðunnar sem grundvöll til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og mati á endurskoðunarvinnu vegna samstæðunnar. Við berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Sauðárkróki, 31. mars 2026

KPMG ehf.

Ólafur Már Ólafsson

Sigurjón Örn Arnarson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur:			
Seldar vörur og þjónusta		69.567.399	52.932.552
Aðrar tekjur		1.903.076	1.716.696
	2	<u>71.470.475</u>	<u>54.649.248</u>
Rekstrargjöld:			
Kostnaðarverð seldra vara		36.168.373	27.489.112
Laun og launatengd gjöld	3	19.046.517	14.136.141
Annar rekstrarkostnaður		6.691.895	5.618.099
		<u>61.906.785</u>	<u>47.243.352</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		9.563.690	7.405.896
Afskriftir	4	(2.620.155)	(2.137.130)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		6.943.535	5.268.766
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		659.947	569.578
Vaxtagjöld		(2.523.604)	(2.033.052)
Gengismunur gjaldmiðla	1b	(157.338)	322.423
		<u>(2.020.995)</u>	<u>(1.141.051)</u>
Hagnaður af eignarhlutum í félögum	5	(15.146)	204.061
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.907.394	4.331.776
Tekjuskattur	6	(1.057.581)	(862.457)
Hagnaður eftir skatta		<u>3.849.813</u>	<u>3.469.319</u>
Hlutdeild minnihluta		(137.689)	(120.905)
Hagnaður ársins		<u><u>3.712.124</u></u>	<u><u>3.348.414</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir:			
Veiðiheimildir og aðrar óefnislegar eignir	7	30.252.152	28.271.118
Fasteignir	8	12.864.553	10.450.170
Skip	8	3.469.311	3.563.983
Aðrir rekstrarfjármunir	8	6.895.536	5.632.660
Eignarhlutur í Kjarnafæði Norðlenska hf.	11	0	2.516.172
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	12	18.776.819	17.117.488
Eignarhlutir í öðrum félagum	13	3.306.411	3.759.869
Langtímakröfur	14	4.303.499	3.079.197
Skatteign		46.047	4.637
Fastafjármunir samtals		<u>79.914.328</u>	<u>74.395.294</u>
Birgðir	1j	11.762.280	7.765.457
Viðskiptakröfur	1k	11.018.548	8.467.241
Aðrar skammtímakröfur		947.897	533.241
Næsta árs afborgun langtímakrafna	14	214.157	436.691
Handbært fé	1l	2.595.528	1.404.579
Veltufjármunir samtals		<u>26.538.410</u>	<u>18.607.209</u>
Eignir samtals		<u>106.452.738</u>	<u>93.002.503</u>
Eigið fé:			
Stofnsjóðir og bundið eigið fé		448.661	467.413
Endurmatsreikningur		4.259.484	4.273.084
Bundinn hlutdeildarreikningur		23.582.874	21.194.582
Annað eigið fé		34.352.198	32.992.340
Eigið fé samtals	15	<u>62.643.217</u>	<u>58.927.419</u>
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		1.879.510	1.847.836
Eigið fé og hlutdeild minnihluta samtals		<u>64.522.727</u>	<u>60.775.255</u>
Skuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding	16	3.301.513	3.342.141
Skuldir við lánastofnanir	17	15.550.870	7.370.611
Langtímaskuldir samtals		<u>18.852.383</u>	<u>10.712.752</u>
Skuldir við lánastofnanir		11.620.488	8.226.511
Viðskiptaskuldir		5.608.551	4.653.910
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	17	1.487.640	5.663.779
Tekjuskattur til greiðslu	16	1.052.507	817.750
Aðrar skammtímaskuldir		3.308.442	2.152.546
Skammtímaskuldir samtals		<u>23.077.628</u>	<u>21.514.496</u>
Skuldir samtals		<u>41.930.011</u>	<u>32.227.248</u>
Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals		<u>106.452.738</u>	<u>93.002.503</u>

Eiginfjáryfirlit 2025

	Stofnsjóðir og bundið fé	Endurmats- reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Annað eigið fé	Samtals
Árið 2025					
Eigið fé 1.1.2025	467.413	4.273.084	21.194.582	32.992.340	58.927.419
Framlag í Menningarsjóð	30.000		(30.000)	0
Úthlutun úr Menningarsjóði	(62.000)			(62.000)
Breyting stofnsjóðs án vaxta	(11.279)			(11.279)
Úthlutun arðs	15.975		(15.975)	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага færð á eigið fé			2.328.881	(2.328.881)	0
Hagnaður ársins				3.712.124	3.712.124
Þýðingarmunur í dótturfélagi		(5.390)	(5.390)
Upplausn endurmats			64.801	28.579	93.380
Endurmat eigin fjár og vextir	8.552	(13.600)		(5.989)	(11.037)
Eigið fé 31.12.2025	448.661	4.259.484	23.582.874	34.352.198	62.643.217

Árið 2024

Eigið fé 1.1.2024	479.281	4.288.492	21.748.467	30.130.807	56.647.047
Framlag í Menningarsjóð	35.000		(35.000)	0
Úthlutun úr Menningarsjóði	(71.539)			(71.539)
Breyting stofnsjóðs án vaxta	(6.680)			(6.680)
Úthlutun arðs	15.099		(15.099)	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага færð á eigið fé			457.875	(457.875)	0
Hagnaður ársins				3.348.414	3.348.414
Þýðingarmunur í dótturfélagi		(944.541)	(944.541)
Upplausn endurmats		(67.219)	67.219	0
Endurmat eigin fjár og vextir	16.252	(15.408)		(46.126)	(45.282)
Eigið fé 31.12.2024	467.413	4.273.084	21.194.582	32.992.340	58.927.419

Bundinn hlutdeildarreikningur greinist þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Bundið eigið fé vegna hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	21.194.582	19.190.542
Endurmat fastafjármuna	695.135	723.714
Þýðingarmunur	1.693.157	1.280.326
	23.582.874	21.194.582

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		3.712.124	3.348.414
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna	(94.398)	(36.451)
Afskriftir	4	2.620.155	2.137.130
Hagnaður (-tap) af eignarhlutum í félögum	5	15.146	(204.061)
Hrein fjármagnsgjöld		2.020.995	1.141.051
Tekjuskattur		1.057.581	862.457
Hlutdeild minnihluta		137.689	120.905
		<u>9.469.292</u>	<u>7.369.445</u>
		Veltufé frá rekstri	
Innheimtar vaxtatekjur		619.497	569.578
Greiddir vextir	(2.508.783)	(1.997.900)
Greiddur tekjuskattur	(821.706)	(404.553)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun)	(456.891)	(304.596)
Skammtímakröfur, (hækkun)	(2.119.225)	(462.430)
Skammtímaskuldir, (lækkun)		390.719	68.753
		<u>(4.896.390)</u>	<u>(2.531.148)</u>
		Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	
		<u>4.572.902</u>	<u>4.838.297</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(3.257.179)	(2.632.415)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	7	(34.647)	(532.017)
Seldar eignir		396.864	137.674
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé		(804.580)	(3.079.335)
Fenginn arður frá öðrum félögum		11.077	187.266
Skammtímakröfur, breyting	(1.128.713)	(376.982)
		<u>(4.817.178)</u>	<u>(6.295.809)</u>
		Fjárfestingahreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Greiddur arður	(175.000)	(135.500)
Útborgað eigið fé	(79.747)	(294.930)
Innborgað eigið fé		0	50.000
Tekin ný langtímalán		3.870.240	1.609.283
Afborganir langtímalána	(3.517.076)	(2.041.270)
Breyting skammtímalána		1.336.808	2.528.874
		<u>1.435.225</u>	<u>1.716.457</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Hækkun á handbæru fé		1.190.949	258.945
Handbært fé í ársbyrjun		1.404.579	1.145.634
Handbært fé í lok ársins		<u>2.595.528</u>	<u>1.404.579</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Kaupfélags Skagfirðinga hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er í heild sem "samstæðunnar". Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald samstæðureikninga. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfi þess. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yferráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Breyting á reikningsskilaaðferð

Dótturfélagið Fisk Seafood ehf. hefur fallið frá beitingu heimildar um endurmat á fiskiskipum félagsins. Breytingin var gerð með afturvirkum hætti og hafði eftirfarandi áhrif á samanburðarfjárhæðir ársins 2024.

Rekstrarreikningur	2024 var	Breyting	2024 verður
Afskriftir	2.185.430	48.300	2.137.130
Tekjuskattur	852.797	(9.660)	862.457
Hagnaður ársins	3.309.774	38.640	3.348.414
Efnahagsreikningur			
Skip	4.224.083	(660.100)	3.563.983
Eignir samtals	93.662.603	(660.100)	93.002.503
Annað bundið eigið fé	21.722.662	(528.080)	21.194.582
Tekjuskattsskuldbinding	3.474.161	(132.020)	3.342.141
Eigið fé og skuldir samtals	93.662.603	(660.100)	93.002.503

b. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2025. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda og krafa hefur myndast. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi eða í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstigi.

d. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit sýnir skiptingu rekstrartekna eftir starfspáttum. Starfspáttayfirlit sýnir þrjár meginstöðir félagsins, þar á meðal skiptingu rekstrartekna eftir starfspáttum.

Skýringar, frh.:

e. **Óefnislegar eignir**

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi, á kostnaðarverði, sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru þær metnar árlega með virðisrýrnunarprófi. Aðrar óefnislegar eignir myndast við kaup á dótturfélögum og er fært á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Yfirverð er gjaldfært í rekstrarreikningi á tíu árum.

f. **Rekstrarfjármunir**

(i) **Færsla og mat**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

(ii) **Afskriftir**

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	7-50 ár
Skip	7-17 ár
Vélar, áhöld og flutningatæki	3-25 ár

g. **Hlutdeildarfélag**

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra að viðbættu óafskrifðu yfirverði við kaup.

h. **Eignarhlutir í öðrum félögum**

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignarhlutir þar sem eignarhaldið er minna en 20%. Eignarhlutir í skráðum félögum eru færðir á markaðsverði en eignarhlutir í óskráðum félögum eru færðir á kostnaðarverði eða áætluðu matsverði sé það lægra. Arður og matsbreytingar eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

i. **Langtímakröfur**

Langtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði eða markaðsverði, hvort sem lægra reynist. Langtímakröfur eru færðar niður ef markaðsverð krafna er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Niðurfærslur eru færðar í rekstrarreikning.

j. **Birgðir**

Vörubirgðir verslana, sjávarafurðir, hráefni og rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

Vörubirgðir mjólkurafurðastöðvar, kjötafurðastöðvar og framleiðsludeilda eru metnar á framleiðsluverði, sem samanstendur af beinum framleiðslukostnaði og hlutdeild í óbeinum kostnaði.

k. **Viðskiptakröfur og skuldabréf**

Viðskiptakröfur og skuldabréf eru eignfærð á nafnverði. Viðskiptakröfur og skuldabréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

l. **Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Skýringar, frh.:

a. Grundvöllur reikningsskilanna frh.:

m. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins miðað við gildandi skatthlutföll.

2. Starfspáttayfirlit

a. Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir starfspáttum á árinu 2025, í millj. kr.:

	Framleiðsla, verslun og þjónusta	Útgerð og fiskvinnsla	Fóður og áburðasala	Önnur félög	Samtals
Rekstrartekjur	37.563	16.208	8.706	15.546	78.023
Tekjur starfspátta	(2.539)	(363)	(469)	(3.182)	(6.553)
Samtals	35.024	15.845	8.237	12.364	71.470
Rekstrargjöld					(61.907)
Afskriftir					(2.620)
Rekstrarhagnaður					6.944

b. Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir starfspáttum á árinu 2024, í millj. kr.:

Rekstrartekjur	20.283	12.968	8.666	18.459	60.376
Tekjur starfspátta	(1.785)	(483)	(268)	(3.191)	(5.727)
Samtals	18.498	12.485	8.398	15.268	54.649
Rekstrargjöld					(47.243)
Afskriftir					(2.137)
Rekstrarhagnaður					5.269

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun	14.893.409	11.193.573
Mótframlag í lífeyrissjóði	1.813.512	1.171.424
Launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2.339.596	1.771.144
Laun og launatengd gjöld samtals	19.046.517	14.136.141
Ársverk	1.255	941
Stöðugildi í árslok	1.245	966

Laun og þóknarir til stjórnna og framkvæmdastjóra samstæðufyrirtækjanna námu 449 millj. kr. á árinu 2025, samanboreið við 389 millj. kr. árið áður.

4. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

	2025	2024
Afskriftir rekstrarfjármuna	2.201.648	1.890.445
Afskrifað yfirverð	418.507	246.685
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi samtals	2.620.155	2.137.130

Skýringar, frh.:

5. Afkoma af eignarhlutum í félögum

Tekjur af eignarhlutum í félögum greinast þannig:	2025	2024
Tekjur af hlutdeildarfélögum sbr. skýringu 12	79.859	445.161
Tekjur af öðrum félögum sbr. skýringu 13	(95.005)	(241.100)
Tekjur af eignarhlutum í félögum samtals	(15.146)	204.061

6. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

	2025	2024
Hagnaður fyrir skatta	4.907.394	4.331.776
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0% 981.479	21,0% 909.673
Óráðráttarbær gjöld (tekjur)	0,1% 3.029	(1,0%) (42.853)
Annað	1,5% 73.073	(0,1%) (4.363)
Virkur tekjuskattur	21,6% 1.057.581	19,9% 862.457

7. Aflaheimildir og aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

	Aflaheimildir	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Bókfært verð í upphafi árs	25.806.808	2.464.310	28.271.118
Viðbót á árinu	0	2.399.541	2.399.541
Afskrifað yfirverð		(418.507)	(418.507)
Bókfært verð í árslok	25.806.808	4.445.344	30.252.152

Aflaheimildir samstæðunnar greinast þannig í tonnum eftir tegundum:

	Hlutdeild í úthlutun 2025	Úthlutaðar aflaheimildir tonn
Þorskur	6,6%	10.599
Þorskur í norskrí lögsögu	12,2%	
Þorskur í rússneskrí lögsögu	12,2%	
Ýsa	7,8%	4.819
Ufsi	7,3%	3.433
Karfi	7,1%	2.447
Djúpkarfi	10,1%	240
Grálúða	9,3%	958
Skarkoli	19,5%	1.335
Steinbítur	10,2%	819
Gulllax	5,6%	411
Úthafsækja	12,8%	
Makrill	1,8%	
Aðrar fisktegundir		355
		25.416
Aflaheimildir í þorskígildum		22.458

Skýringar, frh.:

Aflaheimildir samstæðunnar frh.:

Aflaheimildir félagsins, eru að uppstöðu til úthlutaðar heimildir en að því leyti sem aflaheimildir hafa verið keyptar sérstaklega, eru þær eignfærðar undir eignaflokknum óefnislegar eignir í efnahagsreikningi. Heimildir miðast við úthlutun í september 2025. Ekki verður úthlutað heimildum í þorski í norskrri eða rússneskrri lögsögu árið 2026. Heimildum í makríl fyrir árið 2026 hefur ekki verið úthlutað. Úthlutun aflaheimilda í íslenskrri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Atvinnuvegaráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim einstöku nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

8. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Skip	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Stofnverð 1.1.2025	19.733.394	8.548.663	18.777.317	47.059.374
Afskriftir 1.1.2025	(9.283.225)	(4.984.680)	(13.144.657)	(27.412.561)
Samtals 1.1.2025	10.450.170	3.563.983	5.632.660	19.646.813
Fjárfestingar ársins	1.309.944	348.268	1.628.156	3.286.369
Yfirtekið og aðrar breytingar	1.707.242	(45.999)	836.624	2.497.867
Afskriftir á tímabilinu	(602.803)	(396.941)	(1.201.904)	(2.201.648)
Samtals fastafjármunir	12.864.553	3.469.311	6.895.536	23.229.400
Afskriftahlutföll	2-15%	6-15%	4-33%	
Stofnverð 31.12.2025	22.750.581	8.850.932	21.242.097	52.843.610
Afskriftir 31.12.2025	(9.886.027)	(5.381.621)	(14.346.561)	(29.614.209)
Samtals fastafjármunir	12.864.553	3.469.311	6.895.536	23.229.400

9. Veðsetningar og ábyrgðir

- Fasteignir, áhöld, tæki og birgðir eru veðsett fyrir lánum sem nema 7.962 millj. kr. Þar að auki eru eignahlutir í félögum veðsettir fyrir lánum sem eru að eftirstöðvum fjárhæð 4.307 millj. kr. í árslok.
- Samstæðufyrirtækin hafa veitt viðskiptabanka sínum veð að fjárhæð 18.430 millj. kr., í fasteignum, vörubirgðum, almennum kröfum og hlutabréfaeign, með tryggingabréfum til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum við viðskiptabanka sinn.
- Kaupfélag Skagfirðinga hefur veitt ábyrgðir vegna lántöku og nemur ábyrgðin 2.221 millj. kr. í árslok 2025.

10. Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Matsfjárhæðir fasteigna greinast þannig:	Fasteigna- og lóðamat	Vátryggingar- verðmæti	Bókfært verð
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði	2.208.402	4.227.496	2.297.826
Iðnaðarhúsnæði, aðrar fasteignir og land	14.483.421	30.428.344	10.566.728
Samtals	16.691.823	34.655.840	12.864.554

Skýringar, frh.:

11. Samstæðan

Dótturfélög sem eru innifalin í samstæðuársreikningi eru eftirtalin:

		Eignarhluti
Aðalgata 16b ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Esja Gæðafæði ehf.	Reykjavík	100,0%
FISK Seafood ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Fóðurblandan ehf.	Reykjavík	83,4%
Háaborg Fjárfestingar ehf.	Reykjavík	77,0%
Héraðsvötn ehf.	Sauðárkrókur	98,2%
Íslenskar sjávarafurðir ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Íslenskar mysuafurðir ehf.	Sauðárkrókur	50,0%
Kjarnafæði Norðlenska ehf.	Akureyri	100,0%
Metró ehf.	Reykjavík	50,0%
Nýprent ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Pluto Investment ehf.	Reykjavík	100,0%
Skal fjárfestingar ehf.	Sauðárkrókur	50,0%
Sláturhús KVH ehf.	Hvammstangi	50,0%
Steinull hf.	Sauðárkrókur	50,0%
Tengill ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Trésmiðjan Borg ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Tækjagarður	Sauðárkrókur	100,0%
Vörumiðlun ehf.	Sauðárkrókur	100,0%

Kiddi Dóra ehf., Soffanias Cecilsson ehf., Fisk-Seafood fjárfesting ehf., Lundhöfði ehf. og Ölduós ehf. eru öll 100% dótturfélög Fisk Seafood ehf. Steinunn hf. er 60% dótturfélag Kidda Dóra ehf.

Bústólpi ehf. er 100% dótturfélag Fóðurlöndunnar ehf. Kornhlaðan ehf. var sameinuð Fóðurlöndunni hf. á árinu.

Kjarnafæði Norðlenska ehf. var keypt á árinu 2024 en var ekki tekið inn í samstæðu Kaupfélagsins á því ári vegna dómsmáls í máli milli Innnes ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu (SKE) á því ári. Dómur liggur nú fyrir í málinu og er Kjarnafæði Norðlenska ehf. hluti af samstæðuársreikningi Kaupfélags Skagfirðinga svf. á árinu 2025. B. Jenssen ehf. sameinaðist Kjarnafæði Norðlenska ehf. á árinu 2025. Áhrif á samstæðu eru eftirfarandi:

Rekstrarreikningur

2025

Rekstrartekjur	13.605.864
Rekstrargjöld	12.964.688
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(682.863)
Tap ársins	(105.507)

Efnahagsreikningur

Fastafjármunir	3.739.073
Veltufjármunir	4.177.183
Eignir samtals	<u>7.916.256</u>
Eigið fé	898.060
Langtímaskuldir	2.499.057
Skammtímaskuldir	4.519.138
Eigið fé og skuldir samtals	<u>7.916.255</u>

Skýringar, frh.:

12. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Samstæðan á eignarhluti í hlutdeildarfélögum sem bókfærðir eru miðað við hlutdeild í eigin fé þeirra í árslok ásamt óafskrifuðu yfirverði við kaup. Eignarhlutirnir greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð	Fært í rekstrar- reikning	Bókfært verð
Foss distillery ehf.	50,0%	6.500	0	120.000
Hringanes ehf.	50,0%	250	(171.168)	180.257
Hábrekkur ehf.	24,7%	205	(67.092)	25.081
ÍSEY útflutningur ehf.	20,0%	200	35.752	137.292
ÍSKS ehf.	45,0%	320.900	0	330.175
ÍSKS-BAR ehf.	50,0%	51.250	0	20.074
Lundey fjárfestingafélag. ehf.	50,0%	1.200	(127.066)	1.035.130
Mjólkursamsalan ehf.	20,0%	1.726.763	1.092	1.750.301
Thorcargow BV.	20,9%		(45.662)	1.157.366
Skvr Asia Limited	33,0%	-	0	100.053
Snæis hf.	29,8%		290	14.989
Trésmiðjan Stígandi ehf.	45,5%		0	22.177
Vinnslustöðin hf.	32,9%		457.671	13.689.535
Önnur félög			(3.958)	194.389
			79.859	18.776.819

13. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum eru færðir á kaupverði eða matsverði sé það lægra. Eignarhlutur í Iceland Seafood International er færður á markaðsverði. Eignarhlutirnir greinast þannig:

	Eignarhluti	Fært í rekstrar- reikning	Bókfært verð
Iceland Seafood Int. hf.	14,8%	(81.823)	2.210.529
Þórsmörk ehf.	19,5%	0	653.966
Önnur félög		(13.182)	441.916
		(95.005)	3.306.411

14. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

	2025	2024
Almenn skuldabréf viðskiptamanna	4.517.656	3.515.888
	4.517.656	3.515.888
Næsta árs afborganir	(214.157)	(436.691)
	4.303.499	3.079.197

Skuldabréfalán eru bæði verðtryggð og óverðtryggð og eru gefin út til allt að 6 ára og bera allt að 14% vexti. Langtímakröfur eru færðar í ársreikninginn með áföllnum verðbótum og án núvirðingar. Næsta árs afborganir af skuldabréfum eru 214,2 millj. kr. Niðurfærsla langtímakrafna nam 15 millj. kr. í árslok og er færð til lækkunar á viðeigandi eignum.

15. Eigið fé

Stofnsjóðir og bundið eigið fé í árslok greinast þannig:

	2025	2024
Stofnsjóðir félagsmanna	279.617	267.788
Varasjóðir	69.487	69.487
Menningarsjóður	99.557	130.138
	448.660	467.413

Meðal eigin fjár eru færðir vextir á stofnsjóði en samkvæmt samþykktum félagsins ber að vaxtareikna og/eða verðbæta séreignarhluti í stofnsjóði.

Skýringar, frh.:

15. Eigið fé frh.:

Bundinn hlutdeildarreikningur

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

16. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2025	2024
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.474.161	3.470.133
Yfirtekið í samstæðu	(177.722)	(31.019)
Gjaldfærður tekjuskattur	1.057.581	852.797
Tekjuskattur til greiðslu	(1.052.507)	(817.750)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>3.301.513</u>	<u>3.474.161</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig :

	2025	2024
Óefnislegar eignir	1.950.067	1.970.606
Rekstrarfjármunir	1.605.923	1.527.072
Birgðir	52.163	32.329
Viðskiptakröfur	(30.886)	8.834
Yfirfæranlegt skattalegt tap og aðrir liðir	(275.754)	(64.680)
Tekjuskattsskuldbinding	<u>3.301.513</u>	<u>3.474.161</u>

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	2025	2024
Lán í íslenskum krónum, vextir 8,4% - 10,5%	4.493.291	2.959.627
Lán í USD, vextir 8,4%	491.731	777.388
Lán í EUR, vextir 5,4%	12.053.489	9.297.374
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>17.038.510</u>	<u>13.034.389</u>
Næsta árs afborganir	(1.487.640)	(5.663.779)
Skuldir við lánastofnanir samtals	<u>15.550.870</u>	<u>7.370.610</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok en þau kjör geta tekið breytingum.

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu árum:

	2025	2024
Árið 2026 / 2025	1.487.640	5.663.779
Árið 2027 / 2026	2.008.442	704.869
Árið 2028 / 2027	5.172.064	929.831
Árið 2029 / 2028	1.234.677	564.978
Árið 2030 / 2029	3.263.305	563.085
Síðar	<u>3.872.382</u>	<u>4.607.847</u>
	<u>17.038.510</u>	<u>13.034.389</u>

18. Tengdir aðilar

Félög innan samstæðunnar eiga í viðskiptum sín á milli en á árinu 2025 nam sala á vöru og þjónustu til samstæðufélaga 6.533 millj. kr.

19. Þóknun óháðs endurskoðanda

Þóknun til óháðs endurskoðanda félagsins vegna endurskoðunar ársreiknings kaupfélagsins og dótturfélaga nam 47 millj. kr. (2024: 38 millj. kr.) en auk þess voru greiddar 18 millj. kr. vegna annarrar þjónustu (2024: 42 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

20. Leigusamningar

Samstæðan hefur gert leigusamninga um leigu á húsnæði undir skrifstofur, verslanir og lagera félagsins. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á viðeigandi vísitölum.

Leigugreiðslur á árinu 2025 eru færðar á meðal annars rekstrarkostnaðar. Áætlaðar næsta árs leigugreiðslur nema 391 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu fimm ár.

	2025	2024
Leigugreiðslur 2026 / 2025	390.651	176.057
Leigugreiðslur 2027 / 2026	390.651	174.240
Leigugreiðslur 2028 / 2027	390.651	174.240
Leigugreiðslur 2029 / 2028	390.651	174.240
Leigugreiðslur 2030 / 2029	390.651	174.240
Rekstrarleigugreiðslur samtals	<u>1.953.255</u>	<u>873.015</u>

21. Áhættustýring

Stjórnendur greina fjárhagslegar áhættur í rekstrinum m.a. með tilliti til eftirspurnar, stöðu markaða, gjaldmiðla, lausafjárstöðu og útlána.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtabreytingar hafa áhrif á rekstur félagsins. Áhætta vegna breytinga á gengi gjaldmiðla og vaxta er tilkomin vegna lána samstæðunnar í annarri mynt en starfsrækslugjaldmiðill þess. Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir í annarri mynt hafa skamman greiðslufrest.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan sem felst í tapi sem félagið getur orðið fyrir ef það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinnar gjaldfresta. Fylgst er með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda. Félagið tryggir sér lánalínur til að mæta lausafjársvæflum.

Samningsbundnar greiðslur, þar með talið væntar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

	Bókfærð staða	Umsamdar greiðslur	Innan árs	Síðar
Vaxtaberandi skuldir.....	28.658.998	32.388.535	13.108.128	19.280.407
Viðskipta- og skammtímaskuldir.....	9.969.500	9.969.500	9.969.500	0
Leiguskuldbinding.....	0	1.953.255	390.651	1.562.604
	<u>38.628.498</u>	<u>44.311.291</u>	<u>23.468.279</u>	<u>20.843.011</u>

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar sem leitt geti til taps á fjármálagerningum. Félagið yfirfer reglulega útlánareglur sínar til að endurspegla aðstæður viðskiptavina en viðskipti eru að mestu með stuttum greiðslufresti, sem dregur úr áhættunni.

Staða fjáreigna, annarra en við tengda aðila, var eftirfarandi í árslok:

	2025	2024
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaköfur.....	11.966.445	9.000.482
Handbært fé.....	2.595.528	1.404.579
	<u>14.561.973</u>	<u>10.405.061</u>

Í árslok 2025 nam niðurfærsla viðskiptakrafna 720,2 millj. kr. samanborið við 522,6 millj. kr. í árslok 2024. Stjórnendur meta ekki tapsáhættu í öðrum skammtímakröfum.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir

Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag og starfar skv. lögum um þau. Starfssvæði félagsins nær yfir Skagafjarðarháérað. Félagið er deildaskipt og er skipting þeirra eins og sveitarfélagsskipan var í desember 1997 fyrir sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði. Hver deild kys fulltrúa á aðalfund, einn fyrir hverja 25 félagsmenn, en þó kveða samþykktir félagsins á um að það getur engin ein deild átt meirihluta fulltrúa á aðalfundi. Stjórnarhættir Kaupfélags Skagfirðinga eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins, s.s. ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og samkeppnislaga nr. 44/2005 sem aðgengileg eru á vef Alþingis, www.althingi.is.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er þáttur í innleiðingu góðra stjórnarháttanna hjá félaginu með það fyrir augum að styrkja innviði þess og auka gagnsæi í starfseminni og verður hún í þróun áfram. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að vandaðri stjórnun og ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum á milli félagsmanna, stjórnar, stjórnenda og annarra haghafa.

Í samþykktum félagsins, sem samþykktar voru á aðalfundi í apríl 2024, er nánar kveðið á um fyrirkomulag í starfsemi félagsins.

Félagið hefur ekki sett sér starfsreglur stjórnar en félagið mun fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland.

Stjórn

Í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga eru sjö stjórnarmenn og þrjú varamenn. Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru kosnir til eins árs í senn. Stjórnin kys formann, varaformann og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Stjórn ber ábyrgð á að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og reglur og góða viðskipta- og stjórnarhætti. Stjórn sinnir stefnumótun og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins.

Í stjórn félagsins sitja fjórir karlar og þrjár konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum stórra félaga. Stjórn félagsins í árslok 2025 var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Bjarni Maronsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1949 og hefur setið í stjórn frá 1989.

Herdís Á. Sæmundardóttir, varaformaður, er fædd árið 1954 og hefur setið í stjórn frá 2011.

Atli Már Traustason, er fæddur árið 1973 og hefur setið í stjórn frá 2023.

Ásta Pálmadóttir er fædd árið 1964 og hefur setið í stjórn og varastjórn með hléum frá 2014.

Hjörtur Geirmundsson, er fæddur árið 1967 og hefur setið í stjórn og varastjórn frá 2002.

Sigríður Gunnarsdóttir er fædd árið 1975 og hefur setið í stjórn frá 2013.

Þorleifur Hólmsteinsson, er fæddur árið 1958 og hefur setið í stjórn og varastjórn frá 2005.

Í varastjórn sitja Guðrún Lárusdóttir, fyrst kjörin 2023, Ingi Björn Árnason, fyrst kjörin 2023 og Viggó Jónsson, fyrst kjörin 2006.

Bakgrunnur, menntun og aldur stjórnarmanna er fjölbreyttur og margvíslegur og hafa stjórnarmenn víðtæka reynslu á sviði rekstrareininga Kaupfélagsins. Stjórnin fer, samkvæmt lögum og samþykktum félagsins, með æðsta vald í málefnum þess milli félagsfunda. Á árinu 2025 voru haldnir 10 stjórnarfundir.

Stjórn og starfsmenn skulu starfa af heiðarleika og heilindum, kynna sér þau lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins og hafa skilning á hlutverki sínu og ábyrgð. Félagið stendur ekki frammi fyrir dómum né sektum vegna brota á lögum eða reglum sem um starfsemina gilda. Stjórn hefur ekki framkvæmt árangursmat á sínum störfum.

Kaupfélagsstjóri er Þórólfur Gíslason, fæddur 1952, hann hóf störf þann 1. júní 1988 hjá Kaupfélagi Skagfirðinga.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrg fyrir því að til staðar sé fullnægjandi innra eftirlit og áhættustýring hjá félaginu. Markmið stjórnar með innra eftirliti og áhættustýringu er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi tilgang og skyldur félagsins, afkomu, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og séu í samræmi við lög og reglur. Stjórnendur fylgjast með fjárhagslegum áhættum í rekstri og eru áhættur greindar reglulega vegna breytinga í umhverfi félagsins og starfsemi samstæðunnar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samfélagsábyrgð

Kaupfélag Skagfirðinga er meðvitað um mikilvægi þess fyrir starfsemina, umhverfið og samfélagið að halda utan um sjálfbærniupplýsingar frá samstæðunni og setur ófjárhagslegar upplýsingar hér fram í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 66. gr. d. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Í köflunum hér á eftir verður farið yfir upplýsingar sem tengjast lykilmælikvörðum um sjálfbærni hjá KS samstæðunni og ná gögnin til móðurfélagsins KS, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurlöndunnar. Mælikvarðarnir taka til umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttanna og styðja við reglulega eftirfylgni með þeim áhættum sem hafa verið greindar í starfseminni. Mælikvarðarnir tengjast losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun og hlutfall endurnýjanlegrar orku, vatnsnotkun og heilsu og öryggi starfsfólks. Tölur sem eru birtar hér eru fyrir árið 2025. Ekki eru til áreiðanleg gögn til að sýna þróun milli ára fyrir Esju og Fóðurlönduna, en hægt er að skoða þróun lykilmælikvarða hjá móðurfélaginu KS og Fisk Seafood í sjálfbærnisráðgjöf félaganna.

Viðskiptalíkan

Starfsemi samstæðu Kaupfélags Skagfirðinga svf. er fjölbreytt og spannar margar atvinnugreinar. Grunnstarfsemi félagsins og sú fyrirferðamesta er matvælaframleiðsla og tengd starfsemi. Matvælaframleiðslan er á sviði mjólkurafurða, kjötafurða og fiskveiða og vinnsla auk þess sem vinnsla á aukaafurðum er nýtt til fóðurframleiðslu fyrir frumframleiðendur. Félagið er eitt stærsta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins. Þjónustueiningar félagsins eru helst bifreiðaverkstæði, rafmagnsverkstæði, trésmíðaverkstæði og vélaverkstæði, en þær ásamt landflutningastarfsemi styðja við grunnstarfsemina. Félagið rekur einnig verslanir í Skagafirði.

Áhersla á sjálfbærni

Kaupfélag Skagfirðinga leggur ríka áherslu á sjálfbæra þróun í allri starfsemi sinni. Unnið er markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum, efla öryggi og velferð starfsfólks og tryggja gæði og öryggi matvæla í allri virðiskeðjunni.

Verkefnastjóri á sviði sjálfbærni hefur umsjón með málaflökknum hjá KS og veitir jafnframt dótturfélögum ráðgjöf og stuðning í sínum verkefnum sem snúa að sjálfbærni. Á árinu 2024 var gerð tviátta mikilvægisgreining, í samræmi við kröfur ESRS, þar sem kortlagðar voru helstu umhverfis-, félags- og stjórnunarlegu áskoranir og tækifæri móðurfélagsins.

Eftirfarandi sjálfbærniþættir voru taldir mikilvægastir skv. niðurstöðum tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar.

Umhverfi	Samfélag	Stjórnarháttir
1 Milðun loftslagsbreytinga	7 Starfsfólk - vinnuaðstæður	11 Fyrirtækjamenning
2 Orka	8 Jöfn tækifæri	12 Dýravelferð
3 Varasöm efni	9 Efnahagslegt, félagslegt og menningaleg réttindi samfélaga	13 Hagsmunagæsla
4 Vatn	10 Öryggi neytenda og endanotenda	14 Birgjatengsl
5 Líffræðilegur fjölbreytinleiki		
6 Úrgangur		

Byggt á þeim niðurstöðum var unnið að uppfærslu sjálfbærnistefnu fyrir KS og dótturfélög og mótun mælanlegra markmiða og lykilmælikvarða.

Í takt við vaxandi kröfur hagsmunaaðila og þróun alþjóðlegra viðmiða hefur KS hafið innleiðingu á markvissu og skipulögðu áreiðanleikakönnunarferli. Markmiðið er að tryggja að ófjárhagsleg upplýsingagjöf félagsins endurspegli raunveruleg áhrif, helstu áhættuþætti og árangur á sviði umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttanna.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Til að styðja við þessa vegferð vinnur KS að því að staðla og að hluta til sjálfvirknivæða ferla við gagnasöfnun. Með því er tryggður aukinn rekjanleiki og meira gagnsæi í skýrslugjöf félagsins. Slikt fyrirkomulag mun einnig einfalda yfirsýn og eftirlit, ásamt því að styðja við upplýsta ákvarðanatöku innan félagsins.

Farið hefur verið yfir kröfur ESRS og íslenskra laga vegna sjálfbærnimála með stjórnendum lykileininga innan samstæðunnar. Þessi vinna er liður í því að byggja upp samræmda og ábyrga upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni og undirbúa félagið undir kröfur komandi regluverks og væntingar hagsmunaaðila.

Umhverfis- og loftlagsmál

Stjórnendur og starfsfólk KS er meðvitað um mikilvægi þess að huga vel að umhverfismálum. Sem stórt matvælaframleiðslufyrirtæki er mikilvægt að huga að lágmörkun matarsóunar og úrgangslausunar í framleiðslueiningum félagsins. Í tviátta mikilvægisgreiningu KS voru loftslagsbreytingar, orka, vatnsnotkun og úrgangur flokkaðir sem tvöfalt mikilvægir þættir, þar sem þessir þættir geta bæði haft veruleg áhrif á starfsemi félagsins og samfélagið. Aðrir umhverfisflokkar sem þóttu sérstaklega mikilvægir með tilliti til áhrifa á samfélag voru líffræðilegur fjölbreytileiki og mengun.

Árlega stendur félagið að umhverfisátaki með það að markmiði að hreinsa, snyrta og laga til í kringum starfsstöðvar allra helstu fyrirtækja. Góð þátttaka var í verkefninu og ýmislegt breytti verulega um ásýnd til hins betra. Þá stendur Fisk Seafood fyrir umhverfisdegi ár hvert á vorin þar sem íbúar eru hvattir til þess að tína rusl í náttúrunni. Svæðum er skipt á milli íþróttafélaga og greiðir Fisk Seafood 12.000 kr. með hverjum aðila sem tekur þátt til viðkomandi íþróttafélags

Gögn sem birt eru hér að neðan um losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun, vatnsnotkun og úrgang takmarkast við móðurfélagið Kaupfélag Skagfirðinga, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurbliðnduna.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Stjórnendur KS og dótturfélaga eru meðvitaðir um áhrif starfsemi sinnar á loftslag og þær áhættur sem loftslagsbreytingar geta haft í för með sér fyrir starfsemi félagsins. Unnið er markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Losun er metin fyrir móðurfélagið auk þriggja stórra dótturfélaga í samstæðunni sem voru nefnd hér að ofan. Unnið er að því að efla gagnasöfnun þvert á samstæðuna.

Lögð er áhersla á að þekkja bæði beina og óbeina losun og losun frá virðiskeðjunni (umfang 1, 2 og umfang 3 að hluta). KS setur skýr markmið um samdrátt í losun samhliða endurnýjun á búnaði og tækniþróun. Tafla 1 sýnir losun á árinu 2025 frá KS, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurbliðndunni.

Umfang 1	KS	Fisk Seafood	Esja Gæðafæði	Fóðurbliðndan
Eldsneyti	294,5	21.129,8	103,4	607,7
Kælimiðlar	128,4	181,5	243,6	-
Samtals tonn CO₂-ígildi	422,9	21.311,2	347,0	607,7
Umfang 2				
Heitt vatn	135,7	111,2	16,4	5,9
Rafmagn	144,0	46,7	16,3	31,2
Samtals tonn CO₂-ígildi	279,3	157,9	32,7	37,0
Umfang 3				
Úrgangur	1.029,9	100,1	240,9	51,4
Flug	41,6	6,5	2,6	-
Eldsneytis og orkuframleiðsla	303,7	5.232,6	51,0	190,9
Samtals tonn CO₂-ígildi	1.375,2	5.339,2	294,5	242,3

Tafla 1. Losun gróðurhúsalofttegunda á árinu 2025 hjá KS, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurbliðndunni. Losunin er gefin upp í tonnum CO₂-ígilda.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Losun gróðurhúsalofttegunda, frh.

Helstu áskoranir og tækifæri vegna losunar gróðurhúsalofttegunda hjá KS eru vegna notkunar á jarðefnaeldsneyti, losunar frá kælimiðlum og vegna úrgangs. Einnig er fylgst með stórum losunarpáttum í virðiskeðjunni sem ekki eru taldir fram í töflunni vegna skorts á gögnum s.s. framleiðsla á hráefni og flutningar á vörum.

Undanfarin ár hefur KS náð góðum árangri í að draga úr losun og mun sú vegferð halda áfram á næstu árum. Í upphafi árs 2022 náðist mikilvægur áfangi þegar rafmagnsgufuketill var gangsettur í mjólkursamlagi félagsins og hætt var að brenna jarðefnaeldsneyti við framleiðslu á gufu.

Einnig er bein losun vegna notkunar á HFC-kælimiðlum í starfsemi. Síðustu ár hafa verið tekin í notkun umhverfisvænni kælikerfi, þ.e. koltvísýrings, CO₂ og ammoníakskerfi. Nokkuð er í land þar til að öllum HFC-kælimiðlum hefur verið skipt út fyrir umhverfisvænni miðla en markmið félagsins er að öll ný kælikerfi noti umhverfisvænan kælimiðil.

Gögn til að meta losun vegna flutninga til og frá KS hafa ekki verið tiltæk á áreiðanlegu formi en stefnan er að hægt verði að nálgast hluta af þeim fyrir samstæðuna árið 2026. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að flutningur sé með stærri losunarpáttum í umfangi 3. Félagið leitar leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af flutningi og að haga öllum flutningum þannig að umhverfisáhrif verði sem minnst. Í meginráttum felur þetta í sér að þökkun sé hagað þannig að nýting flutningspláss sé hámarkuð, að flutningar og dreifing sé bestuð og að flutningstæki séu valin miðað við hámarks orkunýtingu.

Ekki hefur verið unnið markvisst að bindingu kolefnis á vegum félagsins en í tengslum við stefnumörkun í umhverfismálum þá verður farið í að kortleggja losun, meta hvernig má fyrirbyggja og draga úr henni, setja mælanleg markmið um samdrátt og meta hvernig binding getur stutt við þá vegferð.

Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfið

KS nýtir auðlindir jarðarinnar á sjálfbæran hátt og leitast við að hámarka verðmæti úr öllu því hráefni sem unnið er með hjá félaginu. Hjá KS er úrgangsmagn og flokkunarhlutfall vaktað og stöðugt er leitað leiða til að draga úr myndun úrgangs og auka flokkunarhlutfallið.

Úrgangur	KS	Fisk seafood	Esja Gæðafæði	Fóðurblandan
Flokkað	1.136	189	1.577	149
Óflokkað	174	78	72	47
Samtals (tonn)	1.310	266	1.649	196
Flokkunarhlutfall	87%	71%	96%	76%

Tafla 2. Magn úrgangs í tonnum og flokkunarhlutfall frá starfsemi KS, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurböndunnar á árinu 2025

Stefna félagsins er að allt hráefni sé meðhöndlað af virðingu fyrir náttúrunni, að öll meðferð hráefna sé til fyrirmyndar og að fyllstu nærgætni sé gætt við meðhöndlun búfjár og sláturdýra, allt frá bónda til búðar, sbr. reglugerð um vernd dýra við aflifun nr. 761/2011, reglugerð um velferð dýra í flutningi nr. 527/2017 og aðrar reglur er lúta að velferð dýra.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Fullnýting hráefna og lágmörkun lífræns úrgangs er eitt af meginmarkmiðum félagsins. Undanfarin ár hafa stór skref verið stigin í þeim málum. Þar má fyrst nefna að sláturúrgangur frá Kjötafurðastöð KS hefur um langa hríð verið nýttur til framleiðslu dýrafóðurs innanlands og fer lífrænn úrgangur frá Esju Gæðafæði að miklu leyti í Orkugerðina þar sem hann er nýttur í lífdísil og kjötmjöl. Í Mjólkursamlagi KS náðist stór áfangi í frárennismálum þegar framleiðsla á mysupróteini úr ostamysu hófst árið 2017. Annar hluti þess verkefnis er að fullnýta mjólkursykur sem fellur til úr þeirri mysu til etanólframleiðslu, en stefnt er að því að hægt verði að hefja framleiðslu á etanóli á næstu misserum. Við þann áfanga verður um 93% af allri ostamysu sem fellur til á Íslandi fullnýtt.

Stefna félagsins er að lágmarka notkun umbúða eins og kostur er og á það sama við um almennan úrgang. Val á umbúðum sem notaðar eru tekur mið af endurvinnanleika þeirra. Úrgangur frá vinnslustöðvum er flokkaður í kör eða gáma til urðunar og svo pappi og plast til endurvinnslu.

Orkunotkun

Kaupfélag Skagfirðinga stefnir á að hámarka orkunýtingu og auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með því að draga frekar úr notkun á jarðefnaeldsneyti á næstu árum. Sem stendur er fyrst og fremst notað jarðefnaeldsneyti á bíla, vélar og önnur tæki en við endurnýjum á þeim verður leitast eftir að nýta aðra orkugjafa.

Orkunotkun (GJ)	KS	Fisk seafood	Esja Gæðafæði	Fóðurblandan
Eldsneyti	4.189	303.527	1.507	86.760
Rafmagn og hiti	143.928	88.127	16.942	16.829
Heildarorkunotkun (GJ)	148.117	391.653	18.449	103.588
Hlutfall endurnýjanlegrar orku	97%	29%	92%	17%

Tafla 3. Heildarorkunotkun og hlutfall endurnýjanlegrar orku

Markmið félagsins er að bæta orkunýtingu í starfsemi sinni og draga úr orkunotkun þar sem því verður við komið. Við byggingu og endurbyggingu húsnæðis hefur verið og verður áfram lögð áhersla á orkusparandi lausnir, meðal annars með notkun LED-lýsingar og ljósastryringum. Þá er unnið að því að bæta yfirsýn og eftirfylgni með orkunotkun, meðal annars hvað varðar upphitun og loftræstingu.

Við endurnýjun framleiðslubúnaðar er tekið mið af orkunýtingu og leitast við að velja búnað sem uppfyllir kröfur Evrópusambandsins um orkunýtingu. Einnig er unnið að því að þróa og skipuleggja framleiðsluferla þannig að orkunotkun sé sem hagkvæmust.

Orkunýting er einnig höfð til hliðsjónar við rekstur flutningatækja og vinnuvéla. Við endurnýjun og rekstur ökutækja er tekið mið af orkusparnaði og leitast við að velja umhverfisvænni valkosti þar sem því verður við komið.

Vatnsnotkun

KS er meðvitað um mikilvægi þess að hafa aðgang að nægu neysluvatni af góðum gæðum bæði fyrir framleiðsluna sem og nærsamfélagið. KS fylgist með vatnsnotkun, bæði á heitu og köldu vatni og stefnir á að nýta vatnið sem best, hvort heldur er við hönnun bygginga, endurbyggingu húsnæðis, val framleiðslubúnaðar eða við tilhögun framleiðsluferla. Við nýbyggingar og endurbyggingar félagsins undanfarin ár hafa vatnssparandi lausnir verið nýttar og má þar nefna vatnssparandi krana við þvottalaugar, vatnssparandi salerni o.fl. Góður árangur hefur náðst í vatnssparnaði hjá stærstu notendum vatns innan félagsins, þó eru enn miklir möguleikar í vatnssparnaði í framtíðinni.

Vatnsnotkun	KS	Fisk seafood	Esja Gæðafæði	Fóðurblandan
Heitt vatn	312.757	256.269	37.787	13.610
Kalt vatn	492.538	205.442	106.979	16.047
Samtals (m3)	805.295	461.711	144.766	29.657

Tafla 4. Vatnsnotkun KS, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurböndunnar á árinu 2025.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Samfélag

Kaupfélag Skagfirðinga trúir því að góður árangur félagsins á öllum sviðum byggist á krafti, metnaði og hollustu starfsmanna sinna. En samhliða er okkur ljós sú ábyrgð sem við berum gagnvart starfsmönnum okkar og viljum hafa virðingu að leiðarljósi í öllum samskiptum. Í tviátta mikilvægisgreiningunni voru vinnuumhverfið, jafnrétti og fjölbreytileiki, áhrif á nærsamfélagið og öryggi neytenda skilgreind sem sérstaklega mikilvægir samfélagslegir þættir. KS leggur áherslu á að vinnustaðir félagsins veiti starfsmönnum öryggi og góðan aðbúnað og hafi á að skipa hæfum og traustum starfsmönnum sem vinna í samræmi við markmið og stefnur félagsins. KS vill vera virkur þátttakandi í verkefnum sem varða uppbyggingu í nærsamfélagi sínu.

Starfsmannamál, jafnrétti og mannréttindi

Það er markmið KS að tryggja að starfsumhverfi og aðstæður á vinnustað séu til fyrirmyndar og með öryggi, heilbrigði og ánægju starfsmanna að leiðarljósi.

Jafnlaunakerfi KS og dótturfélaga sem virkjað var í lok árs 2020 er í fullri virkni og hefur sýnt mælanlegan árangur. Í Jafnlaunastefnunni kemur m.a. fram:

“Kaufélag Skagfirðinga hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa. Laun taka mið af inntaki starfa, álagi, hæfni og árangri starfsmanna. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir samþæring eða jafnverðmæt störf. Kaufélag Skagfirðinga skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.”

Markmið Kaufélag Skagfirðinga er að hafa sem minnstan óútskýrðan mun á launum kynjanna, eða innan við $\pm 2\%$. Frá árinu 2020 hefur KS látið framkvæma launagreiningar og heilt yfir hefur gengið vel að vinna á greindum launamun. Niðurstöður launagreininga hafa verið kynntar öllum starfsmönnum. Á sama tíma hefur orðið þó nokkur breyting á launasamsetningu hjá KS, hún er orðin mun fastmótaðri nú en hún var þegar jafnlaunakerfið var tekið í notkun. Stjórnendur KS munu vinna áfram að því í samstarfi við umsjónarmann jafnlaunakerfis KS að móta aðgerðir sem draga úr launamun. Jafnlaunakerfi KS og dótturfélaga nær yfir starfsemi KS, Esju Gæðafæðis ehf., Fóðurblandunar hf., Tengils ehf. og Vörumiðlunar ehf.

Fjöldi starfsfólks eftir starfshlutfalli	KS	FISK	ESJA	Fóðurblandan	Samtals
Hlutastarf	49	156	1,0	7,0	57
Fullt starf	190	225	91	45,0	326
Samtals	239	381	92,0	52,0	383

Tafla 5: Fjöldi starfsfólks eftir kyni hjá KS, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurblandunni á árinu 2025

	KS	FISK	ESJA	Fóðurblandan
Launamunur milli karla og kvenna	3,8%	1,98%	1,4%	-0,4%

Tafla 6. Launamunur kynjanna á árinu 2025 hjá KS, Fisk Seafood, Esju Gæðafæði og Fóðurblandunni

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Það er sameiginlegt verkefni stjórnenda og starfsmanna KS og dótturfélaga að stuðla að góðum samskiptum og starfsanda á vinnustöðum, sbr. Starfsmannastefnu KS. Eftirfylgni og eftirlit með stefnum og áætlunum er tengjast jafnlaunakerfi fer fram einu sinni ári með viðhaldsúttekt samþykks vottunaraðila.

Félagið hefur sett sér jafnréttisáætlun þar sem fram koma markmið og aðgerðir til að stuðla að jafnrétti og mannréttindum fyrir starfsmenn. Jafnframt er tekið á þessum málaflokki í Starfsmannastefnu KS og Jafnlaunastefnu KS. Áætlunin og stefnurnar eru endurskoðaðar árlega.

KS leggur áherslu á að virða alþjóðleg mannréttindi og að tryggja þau innan eigin starfsemi og í virðiskeðju félagsins. Mannréttindastefna KS er liður í sjálfbærnistefnu félagsins. Þar kemur fram að KS og dótturfélög eiga ekki í viðskiptum sem tengjast brotum á alþjóðlegum mannréttindum, þar á meðal mismunun á grundvelli kyns, trúarbragða, kynþáttar og þjóðernis, óréttlæti á vinnumarkaði, sem og hvers kyns nauðungarvinnu eða barnavinnu. Auk þess hafa verið gefnar út siðareglur birgja og þjónustuaðila KS og dótturfélaga. Gerð er krafa um að birgjar virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi, sbr. Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og reglur um réttindi barna, sbr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafni með öllu mannréttindabrotum svo sem hvers kyns nauðungar- eða þrælkunarvinnu. Helstu birgjar KS hafa staðfest siðareglurnar og svarað ítarlegu birgjamati.

Stefnur og áætlanir KS hafa verið kynntar fyrir starfsmönnum hverrar einingar og eru aðgengilegar á heimasíðu og innri vef félagsins.

Öryggi og vinnuvernd

Kaupfélag Skagfirðinga vill stuðla að því að gera vinnustaði félagsins örugga og slysalaus með öflugri fræðslu og forvörnum ásamt því að huga að heilsu og öryggi starfsmanna og vinna markvisst að því að draga úr hættu við vinnu og í starfsumhverfi.

Í upphafi ársins 2023 hóf félagið þá vegferð að efla vinnuverndar- og öryggisstarf innan allra deilda og hefur sú vinna gengið vel. Öryggisnefnd starfar samkvæmt settum kröfum og öryggistrúnaðarmenn sinna mánaðarlegu öryggis- og eldvarnareftirliti innan hverrar deildar og á milli deilda. Trésmiðjan Borg er einnig komin með mánaðarlegt eftirlit hjá sér sem öryggistrúnaðarmaður ber ábyrgð á að framkvæma. Einnig er það komið í ferli að bæði Esja Gæðafæði og Fóðurblandan taki upp þetta fyrirkomulag hjá sér. Í byrjun sumars er haldinn fræðsludagur fyrir nýliða og sumarstarfsmenn þar sem m.a. er farið yfir helstu stefnur og viðbragðsáætlanir. Esja Gæðafæði hefur innleitt fræðslukerfi hjá sér sem á að aðstoða þau með öryggisfræðslu á tækin í framleiðslunni ásamt annarri fræðslu.

Stjórnendur hjá KS eru meðvitaðir um til hvaða aðgerða skal grípa ef slys verður á vinnustað eða alvarleg veikindi starfsmanns koma upp. Þó býr félagið við þá áhættu að margar starfstöðvar þess eru staðsettar fjarri hátækni sjúkrahúsum og lækniþjónustu er krefst sérfræðiþekkingar. Einingar félagsins eru margar og með ólíka starfsemi sem kallar á mismunandi áherslur í öryggismálum. Stjórnendum í hverri einingu ber að framkvæma áhættumat innan sinnar einingar og huga að öryggi sinna starfsmanna í hvívetna. Jafnframt skal tryggja að allur búnaður standist ströngustu öryggiskröfur og að starfsfólk sé þjálfað í notkun hans, ásamt því að húsnæði uppfylli allar kröfur sem gerðar eru um öryggi og vinnuvernd. Áhættumat er framkvæmt í góðri samvinnu við öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn hverrar einingar. Ásamt KS gengu Fóðurblandan og Trésmiðjan Borg frá því að framkvæma áhættumat árið 2025.

KS notar skráningakerfið ATVIK til að halda utan um slys og önnur atvik. Öll slys eru skráð í kerfið og hefur verið unnið að því að öll önnur atvik eins og t.d. næstum slys og ábendingar séu einnig skráð þar inn. Mannauðsdeild KS hefur yfirumsjón með kerfinu, skráningum og eftirfylgni. Með innleiðingu á ATVIK og miðlægu utnumhaldi fær félagið yfirsýn yfir heildarumfang slysa og atvika og eru stjórnendur því betur í stakk búnir til að skipuleggja aðgerðir og forvarnarstarf. Á árinu 2025 voru 17 atvik skráð hjá KS og af þeim voru 8 fjarveruslys. Esja Gæðafæði, Fóðurblandan, Tengill og Trésmiðjan Borg innleiddu ATVIK slysaskráningarkerfið hjá sér á árinu 2025. Hjá þeim einingum félagsins sem hafa virka gæðastefnu en hafa ekki gengið frá innleiðingu á ATVIK hefur skráning á öllum öryggisatvikum verið framkvæmd, skv. reglum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

	Fjöldi skráðra vinnuslysa	Fjöldi fjarveruslysa	Hlutfall skráðra vinnuslysa
KS	17	8	100%
FISK	29	12	100%
ESJA	20	7	100%
Fóðurblandan	3	2	100%
Samtals	41	29	100%

Tafla 7. Fjöldi skráðra vinnuslysa á árinu 2025 og hversu mörg af þeim voru fjarveruslys. Öll vinnuslys voru skráð hjá KS, FISK, Esju og Fóðurböndunni.

Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og önnur óæskileg hegðun af öllu tagi verður ekki liðin hjá KS. Gengið var frá því að innleiða eineltisstefnu og viðbragðsáætlun hjá dótturfélögum KS. Voru þær kynntar starfsmönnum Esju Gæðafæðis, Trésmiðjunnar Borgar, Tengils, Fóðurböndunnar og Vörumiðlunar árið 2025.

Félagið nýtir sér mannauðsmælingakerfið Moodup til að framkvæma reglulegar viðhorfskannanir meðal starfsmanna og hafa þær verið sendar út á þriggja mánaða fresti frá því í desember 2022. Slíkar kannanir eru mikilvægur liður í félagslegu áhættumati innan félagsins og gerir stjórnendum kleift að greina tækifæri til að auka starfsánægju meðal starfsmanna á sama tíma og það veitir sýn á þá þætti sem nauðsynlegt er að rýna betur og grípa til úrbóta. Esja

KS og Esja Gæðafæði hófu samstarf við KöruConnect á árinu 2025 og opnuðu velferðartorg þar sem öllum starfsmönnum félaganna er veitt aðgengi að sérfræðingum með margvíslega sérþekkingu en megináhersla er á andlega heilsu og persónubundna eflingu. Starfsmenn fá þrjá tíma fría á ári hverju en hafa svo áfram aðgengi að þjónustunni út árið. Viðtalstímarnir fara fram á öruggu og vottuðu vefsvæði og sparar því starfsfólki verulegan tíma sem hefði annars farið í að koma sér á milli staða til að sækja sér þjónustuna. Að auki tryggir velferðartorgið lágmarks biðtíma (að meðaltali 48 tíma) eftir aðstoð sem veitir okkar starfsfólki mikið öryggi. Stefnt er á að taka upp slíkt velferðartorg hjá fleiri dótturfélögum.

Menntun

Heildarstefna hefur ekki verið mörkuð í fræðslumálum hjá KS, en félagið vill styðja starfsmenn til að auka þekkingu sína og sækja sér frekari menntun. Árið 2020 var sett aukin áhersla á starfmannatengd málefni og mun uppbygging þess málaflokks halda áfram. Ákveðnar einingar innan félagsins sinna endurmenntun í faggreinum eins og kröfur og reglur kveða á um, t.d. fræðslu um öryggismál o.fl. Félagið hefur boðið upp á skyndihjálpar- og brunavarnarnámskeið og stendur fyrir reglulegri fræðslu fyrir starfsmenn um netöryggi. Samkvæmt áætlun um heilbrigði og öryggi á að halda skyndihjálparnámskeið á 5 ára fresti. Esja Gæðafæði og Trésmiðjan Borg héldu námskeið árið 2025 fyrir sitt starfsfólk.

Þrátt fyrir að heildarstefna hafi ekki verið mótuð í fræðslumálum er nokkuð um tengsl við menntakerfið, t.d. í gegnum þjónustudeildir félagsins. Má þar nefna tengsl við verknámsdeild Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra og sérhæfð verkefni sem unnin hafa verið fyrir sumar einingar félagsins.

Markmið félagsins er að þróa fræðslumálin til hagsbóta fyrir starfsmenn, samfélagið og félagið sjálft.

Nærsamfélagið

Félagið hefur tekið virkan þátt í að stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu með stuðningi við ýmis málefni og má þar nefna:

- Samfélagsmál
- Íþróttir, æskulýðsstarf og forvarnir
- Efling atvinnulífs
- Menning og listir
- Féлага- og hjálparsamtök
- Uppbygging húsnæðis á svæðinu

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Öryggi neytanda

Matvælaöryggi og gæðastjórnun eru órjúfanlegur hluti af starfsemi félagsins. Gæðakerfi flestra framleiðslustöðva byggja á HACCP-kerfinu en árið 2022 fékk Mjólkursamlagið, ein stærsta framleiðslueining félagsins, BRC vottun á sína starfsemi.

Öll starfsemi framleiðslustöðva er háð leyfum frá Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirliti og þeim lögum og reglum sem þær stofnanir hafa umsjón með.

Stjórnunarhættir, spilling og mútur

Kaupfélag Skagfirðinga starfar af heilindum og á áreiðanlegan og sanngjarnan hátt. Stefna félagsins er að vinna gegn spillingu í hvaða formi sem hún er. Stjórnendur og starfsfólk KS greiðir hvorki, né þiggur mútur, hvort sem um ræðir óviðeigandi fjárhæðir eða önnur hlunnindi, sama hvar viðskipti eru stunduð. Jafnframt er fulltrúum og milliliðum ekki heimilt að gera slíkt.

Starfs- og siðareglur

Við erum heiðarleg í viðskiptum og gætum að orðspori félagsins. Það hefur ávallt verið markmið félagsins að stunda viðskipti af heilindum. Fram til þessa hafa reglur ekki verið settar.

Félagið einsetur sér að fara eftir öllum lögum og reglugerðum sem gilda fyrir starfsemina hverju sinni, hvort sem það er hérlendis eða erlendis. Jafnframt skuldbindur félagið sig til að uppfylla ávallt skyldur sínar við starfsmenn, viðskiptavini og opinbera aðila.

Félagið vill stuðla að gagnsæjum starfsháttum og góðum samskiptum á vinnustað og utan hans og hefur m.a. sett starfsmanna-, eineltis-, og jafnlaunastefnur, auk öryggisstefnu fyrir upplýsingaöryggi. Jafnframt hefur félagið gefið út jafnréttisáætlun og verklag við vernd uppljóstrara.

Félagið hefur gefið út siðareglur birgja og þjónustuaðila sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins og jafnframt hafa stærstu birgjar félagsins verið beðnir um að staðfesta siðareglurnar og svara ítarlegu birgjamati. Þetta er liður í því að tryggja ábyrgan og sjálfbæran rekstur hjá samstæðunni sem og í virðiskeðju félagsins.

Á árinu 2025 bárust engar ábendingar um spillingu eða siðbrot. Félagið hefur ekki verið dæmt né sektað vegna spillingar eða mútugreiðslna.

Megin sjálfbærniáhættur

KS hefur framkvæmt áhættumat á umhverfis- og loftslagsáhættu og áhættu tengdri eigin vinnuafli. Árið 2025 var gert áhættumat fyrir móðurfélagið og fyrirhugað er að kortleggja einnig áhættur hjá dótturfélögum.

Áhættur eru flokkaðar sem háar, miðlungs eða lágar með hliðsjón af líkum og mögulegum fjárhagslegum áhrifum á rekstur. Við mat á loftslagsáhættu voru notaðar þrjár sviðsmyndir í samræmi við spár IPCC og áhrif metin til skamms, miðlungs og langs tíma. Niðurstöður voru teknar til umfjöllunar með rekstrarstjórn KS þar sem metnar voru líkur og áhrif atburða á starfsemi KS og stýringar kortlagðar. Áhætturnar eru skráðar í áhættukerfi Stiku Solutions og verða endurskoðaðar eftir þörfum.

Helstu umhverfisáhættur tengjast:

- Umbreytingaáhætta vegna aukinna loftslagskrafna og regluverks.
- Raunáhætta vegna áhrifa loftslagsbreytinga, einkum veðurtengdra atburða, á eigin rekstur og virðiskeðju.
- Orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda og úrgangsstjórnun.

Félagið vinnur að samdrætti losunar og umbótum í rekstri í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Áhættumat tengt starfsfólki

Á árinu 2025 var framkvæmt áhættumat í öllum deildum móðurfélagsins KS með það að markmiði að meta aðstæður starfsmanna og helstu áhættuþætti í vinnuumhverfi félagsins. Við matið var farið yfir m.a. vinnuverndarstarf, hollustuhætti og öryggi, félagslegan og andlegan aðbúnað starfsmanna auk almennar aðstöðu á vinnustöðum.

Helstu niðurstöður matsins benda til þess að þörf sé á aukinni fræðslu til starfsmanna. Í sumum deildum kom einnig fram að bæta þurfi umgengni á vinnusvæðum til að draga úr mögulegri brunahættu. Það þarf að fara í endurnýjun eða stækkun vinnuástöðu á ákveðnum stöðum til að bregðast við þeirri áhættu, og hefur þegar verið hafist handa.

Einnig kom fram að starfsmenn telji að bæta megi upplýsingaflæði innan félagsins, þótt samskipti við næsta yfirmann séu almennt talin góð.

Niðurstöður áhættumatsins benda til þess að mikilvægt sé að efla öryggismenningu innan félagsins. Til að bregðast við þessu hyggst félagið leggja aukna áherslu á fræðslu, bæta aðgengi að upplýsingum um öryggi og hættur á vinnustað og innleiða markvissari nýliðafræðslu fyrir starfsfólk.

Áreiðanleikakönnunarferli

Félagið hefur innleitt innri verkferla til að styðja við framkvæmd stefna og markmiða á sviði sjálfbærni. Stefnur eru reglulega yfirfarnar, endurskoðaðar og samþykktar af framkvæmdastjórn félagsins.

Eftirfylgni felst meðal annars í árlegri samantekt lykilmælikvarða sem birtir eru í ársreikningi félagsins sem er yfirfarinn af stjórn og staðfestur af endurskoðendum félagsins. Jafnframt er markmið félagsins að birta árlega sjálfbærnisráðgjöf í samræmi við viðurkennda staðla.

Ábyrgð á eftirfylgni með starfsmannatengdum málum er hjá mannauðsstjóra og mannauðsdeild sem starfar þvert á samstæðuna. Deildin vinnur með stjórnendum að því að tryggja að mál sem varða starfsfólk fari í skilgreindan farveg, þar á meðal í gegnum skráningu og eftirfylgni atvika.

Mannauðsstjóri heldur utan um jafnlaunavottun félagsins og tryggir að fram fari árlegar launagreiningar og úttektir vottunaraðila á jafnlaunakerfinu.

Gagnsæi og birting ófjárhagslegra upplýsinga

Kaupfélag Skagfirðinga leggur áherslu á gagnsæi og áreiðanleika gagna með því að innleiða kerfisbundna gagnasöfnun og sjálfbæra upplýsingagjöf í samræmi við viðurkennda staðla.

Flokkunarreglugerð ESB

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) tók gildi á Íslandi þann 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin ná til fjárhagsársins 2023.

Markmið reglugerðarinnar er að koma á samræmdu flokkunarkerfi sem skilgreinir hvaða atvinnustarfsemi telst umhverfislega sjálfbær. Reglugerðinni er jafnframt ætlað að stuðla að gagnsæi í upplýsingagjöf um sjálfbærni og beina fjármagni að starfsemi sem styður við græna umbreytingu hagkerfisins.

Til þess að starfsemi teljist umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852 þarf hún að uppfylla fjögur megin skilyrði:

1. Starfsemin þarf að stuðla verulega að einu eða fleirum af umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 9. gr.
2. Hún má ekki valda umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum.
3. Hún þarf að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt 18. gr.
4. Hún þarf að uppfylla tæknileg matsviðmið samkvæmt 3. gr.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Tæknileg matsviðmið vegna verulegs framlags til að draga úr loftslagsbreytingum og aðlaga starfsemi að loftslagsáhrifum hafa verið innleidd í íslenskan rétt með framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139. Tæknileg matsviðmið vegna hinna fjögurra umhverfismarkmiðaða hafa verið skilgreind í framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486, sem öðlaðist gildi hér á landi þann 1. janúar 2025. KS samstæðan hefur farið yfir þessi matsviðmið og borið þau saman við starfsemi sína og dótturfélaga. Meginstarfsemi KS hefur ekki verið sérstaklega skilgreind í framseldum reglugerðum flokkunarreglugerðarinnar að svo stöddu.

Við mat á starfsemi samstæðunnar kom í ljós að flokkunarkerfið nær yfir eftirfarandi atvinnustarfsemi, en uppfyllir ekki öll tæknileg matsviðmið sem krafist er til að teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852 og viðaukum hennar. Þessi starfsemi er því skráð í flokk A.2 – Starfsemi sem fellur undir taxonomy-reglugerðina en telst ekki umhverfislega sjálfbær:

[3.18 Framleiðsla á íhlutum í vélknúin farartæki og ferlitæki](#)

Bíla- og vélaverkstæði KS sinnir m.a. viðgerðum og viðhaldi á rafmagnsbílum. Starfsemin uppfyllir ekki þau tæknilegu matsviðmið sem hafa verið skilgreind fyrir atvinnustarfseminu til að teljast umhverfislega sjálfbær.

[4.16 Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla](#)

Tengill ehf., dótturfélag KS, sinnir uppsetningu og viðhaldi á varmadælum fyrir viðskiptavinum. Flokkunarkerfið nær yfir umrædda starfsemi, en hún er ekki talin umhverfislega sjálfbær þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn er starfsemin ekki talin uppfylla tæknileg viðmið.

[5.9 Endurheimt efnis úr hættulausum úrgangi](#)

Í Mjólkursamlagi KS á Sauðárkróki nýta Íslenskar mysuafurðir ostamysu til framleiðslu á mysupróteini, og unnið er að þróun etanólframleiðslu úr mjólkursykri. Þar sem hluti ferlisins er enn í þróun og framleiðslan ekki hafin að fullu er ekki hægt að meta hana sem umhverfislega sjálfbæra að svo stöddu. Einnig var sett upp gælundýrafóðurstöð á árinu 2025 þar sem tilraunir eru í gangi með að útbúa gælundýrafóður úr hliðarafurðum frá Kjötafurðarstöð KS sem áður fór í urðun.

[6.6 Vöruflutningaþjónusta á vegum, 6.5 Flutningar með mótorkjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum](#)

Dótturfélagin Fóðurblandan og Vörumiðlun sinna reglulegri flutningaþjónustu á vegum fyrir viðskiptavinum samstæðunnar. Á árinu voru keypt nokkur ökutæki í fyrirtækjum samstæðunnar og jafnframt sinnt viðhaldi á bílafloða fyrirtækjanna. Í sumum tilfellum var einnig gripið til leigu ökutækja. Starfsemin telst ekki umhverfislega sjálfbær þar sem meirihluti flotans uppfyllir ekki þau tæknilegu matsviðmið sem sett eru fram fyrir umrædda atvinnustarfsemi.

[7.1 smíði nýrra bygginga, 7.2 Endurnýjun bygginga sem fyrir eru, 7.7 Kaup og eignarhald á byggingum](#)

Á árinu var lokið við byggingu á nýjum frystiklefa sem mun verða nýttur bæði af Fisk Seafood og Kjötafurðastöð KS. Einnig voru framkvæmdir við nýbyggingu við kjötafurðastöð B. Jensen sem er í eigu Kjarnafæði Norðenska ehf., en framkvæmdir við nýbygginguna hafa verið í gangi síðan 2020. Á árinu var einnig haldið áfram með umfangsmiklar endurbætur á fasteignum í eigu KS, annars vegar að Aðalgötu 16 og hins vegar á Suðurgötu á Hofsósi. Endurbæturnar fólu í sér aukið notagildi og umtalsverða hækkun á virði eignanna. Starfsemin uppfyllir þó ekki viðmið og telst því ekki umhverfislega sjálfbær.

[7.4 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum \(og bílastæðum sem eru tengd byggingum\), 7.6 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á tækni á sviði endurnýjanlegrar orku.](#)

Tengill ehf., dótturfélag KS, veitti á árinu þjónustu við uppsetningu á bæði hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki og sólarcellum hjá viðskiptavinum. Ekki liggja fyrir staðfest gögn sem segja til um hvort þessar uppsetningar uppfylli viðeigandi matsviðmið, starfsemin er því skráð í A.2.

[8.2 Gagnadrifnar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda](#)

KS og dótturfélagið Fisk-Seafood fjárfestu á árinu í hugbúnaðarfyrirtækinu Stika Solutions ehf., sem þróa samþætta stafræna lausn til að styðja fyrirtæki við að fylgjast með sjálfbærni í rekstri. Lausnin miðar m.a. að því að veita yfirsýn yfir losun gróðurhúsalofttegunda og að aðstoða fyrirtæki við að uppfylla lagalegar kröfur um sjálfbærnitengda upplýsingagjöf. Ekki liggja fyrir næg gögn eða staðfest mælanleg áhrif á losun sem sýna fram á að tæknileg matsviðmið séu uppfyllt. Starfsemin telst því ekki umhverfislega sjálfbær og er skráð í A.2.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Lykilárangursmælikvarðar samkvæmt flokkunarreglugerð ESB

Lykilárangursmælikvarðar samkvæmt flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy) eru birtir í þremur aðskildum töflum á bls. 31-33, þar sem fram kemur hlutfall veltu, fjárfestingaútgjalda og rekstrargjalda sem tengjast atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, eins og það er skilgreint í reglugerð (ESB) 2021/2178.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 eins og fram kemur í skýringu 1a í ársreikningi. Útreikningar á lykilárangursmælikvörðum eru settir fram á samstæðugrundvelli þar sem innbyrðis viðskipti milli félaga í samstæðunni eru undanskilin til að forðast tvítalningu.

Eins og áður hefur komið fram hefur meginstarfsemi KS, matvælaframleiðsla, ekki verið sérstaklega skilgreind í flokkunarkerfinu að svo stöddu. Því nær flokkunarkerfið eingöngu til hluta af starfsemi samstæðunnar.

Velta:

Heildarvelta samstæðunnar samanstendur af sölu á vörum og þjónustu til aðila utan samstæðunnar. Fyrir árið 2024 var engin starfsemi flokkuð sem umhverfislega sjálfbær.

Fjárfestingaútgjöld (e. CapEx):

Fjárfestingaútgjöld ná til viðbóta við efnislegar og óefnislegar eignir á rekstrarárinu, fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, en að undanskildum breytingum á gangvirði.

Rekstrargjöld (e. OpEx):

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld með þrengri hætti en almennt gildir í reikningshaldi. Rekstrargjöld sem teljast til hennar eru m.a. kostnaður vegna rannsókna og þróunar, skammtímaleigu og beinna útgjalda vegna rekstrarfjármuna sem tryggja áframhaldandi skilvirkni í starfsemi (t.d. viðhald, viðgerðir og endurnýjun bygginga).

Lágmarksverndarráðstafanir

Lágmarksverndarráðstafanir eru verkferlar sem fyrirtæki þurfa að innleiða og viðhafa í sinni starfsemi til að tryggja samræmi við alþjóðleg viðmið um mannréttindi og siðferðilega stjórnarhætti. Þessar ráðstafanir miða að því að tryggja að fyrirtækið starfi í samræmi við:

- Leiðbeinandi reglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölþjóðafyrirtæki.
- Leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi (UNGP).
- Átta grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (ILO) um vinnuréttindi.
- Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Markmið ákvæðisins er að tryggja lágmarkskröfur um góða stjórnarhætti og að starfsemin brjóti ekki gegn grundvallar félagslegum og siðferðilegum viðmiðum.

Helstu áherslupættir lágmarksverndarráðstafana snúa að:

1. Mannréttindum.
2. Spillingu og mútum.
3. Skattamálum.
4. Samkeppnismálum.

KS er meðvitað um að þörf er á frekari vinnu við að formfesta og innleiða viðmið, verklag og ferla sem tryggja samræmi við þessi atriði, sérstaklega á sviði mannréttinda, spillingarvarna og mútuforvarna. Grunnur hefur verið lagður að þessum þáttum í gegnum stefnumótun félagsins, þar sem áhersla er lögð á jöfn mannréttindi, öryggi og heilbrigði starfsmanna. Félagið hefur mótað og gefið út stefnur sem styðja við þessi markmið og starfar samkvæmt þeim í daglegu starfi. Jafnframt er stefna félagsins að vinna gegn spillingu á hvaða formi sem hún er og ekki í neinum tilfellum eru boðnar, greiddar eða þegnar mútur, hvorki hjá félaginu, fulltrúum þess eða milliliðum. Félagið hefur ekki gerst brotlegt við lög eða reglur á sviði mannréttinda, skatta, samkeppnismála eða spillingar- og mútumála.

Frekari upplýsingar um meginatriði lágmarksverndarráðstöfunarinnar er að finna í köflum hér á undan um samfélag og stjórnarhætti, spillingu og mútur.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Velta:

Fjárhagsár 2025	Ár			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni						Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), ár 2025 (18)	Flokkur starfsemi sem gerir annarrí starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (19)	Flokkur umbreytingarístarfsemi (20)
	Kóði (2)	Velta (3)	Hlutfall veltu, ár 2025 (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlegum að loftslagsbreytingum (6)	Vatn(7)	Mengun(8)	Hringrásarhagkerfi(9)	Liffræðileg fjölbreynt (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (12)	Vatn(13)	Mengun(14)	Hringrásarhagkerfi(15)	Liffræðileg fjölbreynt (16)			
Texti		%	N/ N/E	N/ N/E	N/ N/E	N/ N/E	N/ N/E	N/ N/E	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Velta starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%									
Par af starfsemi sem gerir annarrí starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%							0%	E	
Par af umbreyting		0	0%	0%												0%		T
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																		
Framleiðsla á iðlutum í vélknúin farartæki og feriltæki	3.18	12.373.219	0%	EL														0%
Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla	4.16	350.210	0%	EL	EL													0%
Endurheimt efnis úr hættulausum úrgang	5.9	176.967.491	0%	EL	EL													0%
Vöruflutningaþjónusta á vegum	6.6	3.641.621.570	6%	EL	EL													0%
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	7.2	243.646.532																
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	7.4	853.440	0%	EL	EL													0%
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á tækni á sviði endurnýjanlegrar orku	7.6	14.227.333	0%	EL	EL													0%
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		4.090.039.795	6%	0%	0%	0%	0%	0%	0%									0%
A. Velta af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		4.090.039.795	6%	0%	0%	0%	0%	0%	0%									
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir		67.029.993.747	94%															
SAMTALS (A+B)		71.120.033.542	100%															

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Fjárfestingagjöld:

Fjárhagsár 2025	Ár			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni						%	E	T	
	Kóði (2)	Fjárfestingargjöld (3)	Hlutfall fjárfestingargjalda, ár 2025 (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðilgum að loftslagsbreytingum (6)	Vatn(7)	Mengun(8)	Hringrásarhagkerfi(9)	Liffræðileg fjölbreynt (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (12)	Vatn(13)	Mengun(14)	Hringrásarhagkerfi(15)	Liffræðileg fjölbreynt (16)				Lágmarks verndarráðstafanir (17)
Atvinnustarfsemi (1)																			
Texti																			
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																			
Fjárfestingargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)																			
Par af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%		
Par af umbreyting	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%	E	T
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Endurheimt efnis úr hættulausum úrgang	5.9	155.287.169	3%	EL														0%	
Flutningar með mótörhjólum, fólkshúsnæði og léttum atvinnuökutækjum	6.5	120.621.666	3%	EL														0%	
Vöruflutningajónusta á vegum	6.6	272.290.906	6%	EL														0%	
Smið nýrra bygginga	7.1	762.774.544	16%	EL														0%	
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	7.2	71.733.442	1%	EL														0%	
Gagnadrifnar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	8.2	74.075.984	5%	EL														0%	
Fjárfestingargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)	1.456.783.711	30%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%		
Fjárfestingargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)	1.456.783.711	30%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%		
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir	3.360.411.878	70%																	
SAMTALS (A+B)	4.817.195.588	100%																	

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Rekstrargjöld:

Fjárhagsár 2025	Ár			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni						%	E	T
	Kóði (2)	Rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrar-gjalda, ár 2025 (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlegun að loftslagsbreytingum (6)	Vætt (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Liffræðileg fjölbreynt (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (12)	Vætt (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Liffræðileg fjölbreynt (16)			
Atvinnustarfsemi (1)																		
Texti																		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Rekstrargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%									0%	
Par af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%									0%	E
Par af umbreyting	0	0%	0%														0%	T
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																		
				EL, N/EL	EL, N/EL	EL, N/EL	EL, N/EL	EL, N/EL										
Endurheimt efnis úr hættulausum úrgang	5.9	22.160.416	0%	EL	EL													0%
Flutningar með mótorkjólum, fólksbífreidum og léttum atvinnuökutækjum	6.5	467.496.329	0%	EL	EL													0%
Vöruflutningajónusta á vegum	6.6	7.402.081																
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	104.030.953	1%	EL	EL													0%
Rekstrargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)	601.089.778	1%	0%	0%	0%	0%	0%	0%										0%
Rekstrargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)	601.089.778	1%	0%	0%	0%	0%	0%	0%										
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																		
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir	60.955.253.390	99%																
SAMTALS (A+B)	61.556.343.168	100%																

Sex ára yfirlit

Sex ára yfirlit samstæðunnar í milljónum króna:

Rekstur:	2025	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	71.470	54.649	52.608	50.704	43.895	40.989
Rekstrargjöld án afskrifta	(61.907)	(47.243)	(44.252)	(42.678)	(35.825)	(34.389)
Hagnaður fyrir afskriftir	9.564	7.406	8.356	8.026	8.070	6.600
Afskriftir	(2.620)	(2.137)	(2.001)	(1.960)	(1.988)	(2.139)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	6.944	5.269	6.355	6.066	6.082	4.461
Fjármagnsliðir	(2.036)	(937)	410	(2.954)	698	(590)
Tekjuskattur	(1.058)	(862)	(1.084)	(1.072)	(1.109)	(737)
Hagnaður eftir skatta	3.850	3.469	5.681	2.040	5.672	3.134
Hlutdeild minnihluta	(138)	(121)	(157)	(301)	(233)	(118)
Hagnaður ársins	3.712	3.348	5.525	1.739	5.439	3.016

Efnahagur:

Óefnislegar eignir	30.252	28.271	27.466	25.527	25.468	20.428
Varanlegir rekstrarfjármunir	23.229	19.647	19.600	19.512	19.305	18.304
Eignarhlutir og langtímakröf.	26.387	26.473	23.646	20.394	19.970	17.919
Skatteign	46	5	7	8	25	106
Birgðir	11.762	7.765	7.461	6.437	5.069	5.543
Kröfur	12.181	9.437	9.270	8.986	8.367	7.663
Handbært fé	2.596	1.405	1.146	1.770	1.508	1.063
Eignir samtals	106.453	93.003	88.594	82.635	79.712	71.026

Eigið fé	62.643	58.927	56.647	51.418	47.883	41.865
Hlutdeild minnihluta	1.880	1.848	1.926	1.863	1.577	1.309
Innlánsdeild	0	0	0	0	0	0
Skuldbindingar	3.302	3.342	3.470	3.253	3.219	2.648
Langtímaskuldir	15.551	7.371	12.073	7.925	12.963	5.712
Skammtímaskuldir	23.078	21.514	14.478	18.176	14.070	19.493
Eigið fé og skuldir samtals	106.453	93.003	88.594	82.635	79.712	71.026

Kennitölur:

Veltufé frá rekstri	9.469	7.369	7.671	7.974	7.813	6.452
Handbært fé frá rekstri	4.573	4.838	3.308	5.669	5.782	5.753
Veltufjárhlutfall	1,15	0,86	1,23	0,95	1,06	0,73
Eiginfjárhlutfall	59%	63%	64%	62%	60%	59%
Meðalfjöldi starfa	1.255	941	958	984	935	970